



Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson eru búsett í Svarfaðardal og hafa starfað saman í gegn um súrt og sætt. Þau stofnuðu Tjarnarkvartettinn árið 1992 en eftir að kvartettinn var leystur upp árið 2000 hóf Kristjana sólóferil og hefur haldið ótal tónleika og gefið út hljómdiska í samstarfi við fjölmarga tónlistarmenn. Undanfarið hefur Kristjana unnið með eigin tónsmíðar við ljóð íslenskra kvenna ásamt því að semja lög við ljóð Davíðs Stefánssonar.